

Góðan daginn!

Landsnet hefur sett í opið umsagnarferli tillögu að kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi. Hún gildir fyrir tímabilið 2018-2027 og skiptist í tvo meginhluta, langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfisins og þriggja ára framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2019-2021. Með kerfisáætluninni var unnið mat á umhverfisáhrifum hennar og er það birt í meðfylgjandi umhverfisskýrslu.

Meðal helstu breytinga á langtímaáætlun frá útgáfu síðustu kerfisáætlunar má m.a. nefna grunnforsendur kerfisrannsóknna, en nú er notast við sviðsmyndir um raforkunotkun frá Raforkuhópi orkuspárnefndar, aukna umfjöllun um flutningsgetu og afhendingaröryggi ásamt því hvernig niðurstöður valkostagreiningar eru settar fram. Að auki hefur mat á þjóðhagslegum ávinningi þess að styrkja flutningskerfið verið uppfært og umfjöllun um áhrif fjárfestinga í flutningskerfinu á gjaldskrá Landsnets verið bætt til muna.

Framkvæmdaáætlun er einnig mikið breytt og hefur umfang hennar aukist til muna. Hún kemur núna út í sér skýrslu sem inniheldur ítarlegar lýsingar á öllum þegar áætluðum framkvæmdum við flutningskerfið fram til ársins 2021. Fyrir öll ný verkefni á framkvæmdaáætlun hefur verið afmörkuð stöðluð valkostagreining sem tekur mið af stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og markmiðum raforkulaga.

Umhverfisskýrsla er unnin á svipaðan hátt og áður og inniheldur mat á umhverfisáhrifum allra skoðaðra valkosta bæði á langtímaáætlun og á framkvæmdaáætlun.

Á fyrri hluta umsagnartímans verða haldnir opnir kynningarfundir um efni áætlunarinnar í Reykjavík, á Egilstöðum, Akureyri, Ísafirði og á Hellu þar sem farið verður yfir innihald áætlunarinnar og eru fundartíma og staðsetningar eftirfarandi:

Reykjavík 7. júní á Grand Hotel, Háteigur og stendur fundurinn yfir frá klukkan 8:30 til 10:00

Egilsstaðir 12. júní á Icelandair Hotel Hérað, frá klukkan 15:00 til 17:00

Akureyri 13. júní á Hótel KEA, frá klukkan 15:00 til 17:00

Ísafjörður 19. júní á Hótel Ísafirði, frá klukkan 14:00 til 16:00

Hellu 26. júní á Stracta Hotel, frá klukkan 15:00 til 17:00

Boðið verður upp á léttar veitingar á fundunum og við hvetjum alla sem hafa áhuga á að kynna sér innihald kerfisáætlunar að mæta.

Ábendingar og athugasemdir við kerfisáætlun og um umhverfisskýrsluna skal senda til Landsnets á netfangið landsnet@landsnet.is eða á heimilisfangið Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, merkt athugasemdir við kerfisáætlun 2018-2027.

Frestur til að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við tillögurnar er til og með 15. júlí 2018.

Landsnet hf